

VETRARFUGLATALNING 2024

**Fuglatalningarhelgin er
laugardaginn 28. desember / sunnudaginn 29. desember 2024**

Velja má hvorn daginn sem er. Ef veður eða annað hindrar talningu má telja næsta hentuga dag eða helgina eftir það **laugardaginn 4. janúar / sunnudaginn 5. janúar 2025 sem er varahelgi.**

Æskilegt er að talningarmenn á samliggjandi svæðum reyni að samhæfa talningar.

Talningareyðublað í EXCEL-formi og leiðbeiningar um útfyllingu þess er að finna á vefþjóni Náttúrufræðistofnunar á slóðinni <https://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar>. Vistið eyðublaðið á tölvunni ykkar ("Save") og fyllið út talninganiðurstöður. Eyðublaðið skal senda sem viðhengi á **vetrarfugl@natt.is**

Þeir sem EKKI vilja fá tilkynningu þessa með landpóstinum í framtíðinni eru vinsamlega beðnir að láta vita.

Til þess að geta fyllt í skörð þeirra sem forfallast er mikilvægt að heyra frá ykkur tímanlega. Því eru þeir sem vilja taka þátt í talningunni beðnir að hringja (5900500) eða senda tölvupóst (vetrarfugl@natt.is) til Náttúrufræðistofnunar. Jafnframt eru þeir sem hafa ekki tök á að telja að þessu sinni beðnir að láta vita strax og það er ljóst.

Niðurstöður talninga (2002-2023) eru á vef NÍ (<https://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar-nidurstodur>).

Garðabæ 17. desember 2024

Með kærri kveðju,

Svenja N.V. Auhage og Guðmundur A. Guðmundsson

Talningarmenn vinsamlegast athugið:

Áður skilgreind talningarsvæði:

Breytið ekki mörkum á áður skilgreindu talningarsvæði, nema hjá því verði alls ekki komist (vegna óhagstæðs veðurs, veikinda og annarra óhjákvæmilegra þátta). Skýra verður frá slíkum frávikum á talningareyðublaðinu.

Beitið sams konar talningaraðferðum og áður.

Útfylling talningareyðublaða:

Munið að geta talningarsvæðis þegar eyðublað er fyllt út og gera grein fyrir breytingum á fyrirkomulagi frá fyrri árum. Lýsið svæðinu og veðri í stuttu máli.

Haldið tölum frá mismunandi talningarsvæðum á aðskildum eyðublöðum.

- Setjið ekki saman upplýsingar frá mismunandi dögum til þess að fjölga tegundum og einstaklingum.
- Ef hluti svæðis er ekki talinn, t.d. vegna ófærðar eða ísalaga, þarf að taka það fram.

Nýtt talningarsvæði:

Þegar *nýtt talningarsvæði* er skilgreint verður að gæta samræmis við nærliggjandi eldri talningarsvæði. Hafið því samband við *umsjónarmenn fuglatalninga á Náttúrufræðistofnun*.

Þegar nýtt svæði er afmarkað er best að nota greinileg landslagseinkenni (vatnsfall, þjóðveg, árós, höfða, o.s.frv.). Í þéttbýli þarf að telja upp götur sem farið er um eða afmarka talningarsvæðið með öðrum skýrum hætti.